

FÉLA2ST05

Búið til: Thu, 15 May 2014 11:24:35 GMT

Titill

Stjórnmálafræði

Skammstöfun

FÉLA2ST05

Útgáfunúmer

10

Námsgrein

félagsfræði

Viðfangsefni

stjórnmálafræði

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Farið yfir helstu einkenni íslenskra stjórnmálaflokka og stjórnkerfis í samhengi við byggða- og samfélagsþróun eftir 1900 og fjallað um hugmyndafræði flokkanna í alþjóðlegu samhengi. Íslenska valdakerfið skoðað, þrískipting ríkisvaldsins, stjórnarskráin og fyrirhugaðar breytingar á henni og samspil helstu valdpátta. Markmiðið að nemendur þekki í grófum dráttum sögu og einkenni íslenska stjórnkerfisins og flokkanna, skilji hvernig valdpættir spila saman og viti hvar helstu átakalínur liggja. Efnið á að auðvelda nemendum að leggja gagnrýnið mat á álitaefni og taka þátt í lýðræðislegri umræðu á upplýstan hátt. Mikilvægt að nemendur lesi kennslubókina þar sem hún miðlar ákveðinni grunnþekkingu. Í og utan kennslustunda verða gerð fjölmörg verkefni þar sem oft reynir á eigin heimildaöflun og gagnrýnið mat á heimildum. Áhersla lögð á að fjalla um málefni sem efst eru á baugi í stjórnmálum, efnahagsmálum og félagsmálum og efni sem nemendur hafa sérstakan áhuga á.

Forkröfur

Inngangur að félagsvísindum

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu viðfangsefnum, aðferðum og hugtökum stjórnmálafræðinnar
- hugmyndafræði, stefnu og viðhorfum í stjórnmálum
- þrískiptingu ríkisvaldsins og helstu stoðum íslenska stjórnkerfisins
- þróun íslenska valdakerfisins, stjórnmálaflokka og helstu hagsmunasamtaka

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- afla sér traustra upplýsinga um stjórnmálaleg efni
- greina upplýsingarnar og setja í fræðilegt samhengi
- beita hugtökum stjórnmálafræðinnar á dagleg pólitísk úrlausnarefni
- tengja sögu íslensku flokkanna við helstu hugmyndakerfi í stjórnmálum

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja pólitískt samhengi í samfélaginu
- þekkja birtingarform einstakra stjórnámálastefna í samfélagslegum ákvörðunum
- rökræða pólitísk og samfélagsleg álitaefni á málefnalegan og gagnrýninn hátt
- taka virkan þátt í lýðræðislegu samfélagi

Námsmat

Símat fer fram alla önnina. Gunnur einkunna er úrlausn verkefna, bæði vikulegra verkefna og annarra verkefna, prófa, nemendakynninga og umræðna í tímum og á kennslukerfinu.

Skólar

Fyrirmynd